



Framkvæmda- fréttir 17. tbl. /03

Austurland,
framkvæmdir 2003,
sjá kort í opnu



Munnasvæði í Reyðarfirði.

Fáskrúðsfjarðargöng, upphaf framkvæmda

Verktaki, Ístak hf. og Pihl & Søn AS, hóf vinnu við forskeringu á munnasvæði Reyðarfjarðarmegin þann 4. apríl sl. Ennfremur hefur verktaki unnið að uppsetningu vinnubúða og öðrum undirbúningi við báða jarðgangamunna í apríl og maí. Gröftur á munnasvæði Fáskrúðsfjarðarmegin hófst þann 6. maí sl.

Verktaki áætlað að sprengja göngin beggja megin frá og mun gangagröftur frá Reyðarfirði hefjast síðari hluta maí en væntanlega frá Fáskrúðsfirði í ágúst. Unnið verður á tveimur 10 klst. vöktum á sólarhring samfellt alla daga meðan á gangagreftri stendur. Vinnuhópar verða þrír hvoru megin, tveir að vinnu á hverjum tíma og einn í frí. Stefnt er að 10 daga löngum vinnulotum með 5 daga fríum á milli hjá hverjum vinnuhóp.

Heildarfjöldi starfsmanna verktaka verður að jafnaði 65-70 manns en nokkru fleiri yfir sumartímamann meðan vegagerð og bygging vegskála stendur yfir.

Aðalverktaki hefur samið við Mylluna ehf. á Egilsstöðum um undirverktöku í forskerungum og vegagerð. BM Vallá mun sjá um alla steypuframleiðslu í verkið.

Staðarstjóri aðalverktaka er Hermann Sigurðsson og framleiðslustjóri Björgvin Guðjónsson. GeoTek ehf. sér um framkvæmdaefirlit, umsjónarmaður er Björn A. Harðarson og aðstoðarmaður hans er Oddur Sigurðsson. Fulltrúi verkkaupa er Sigurður Oddsson deildarstjóri framkvæmda á Akureyri.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 17. tbl. 11. árg. nr. 339 26. maí 2003

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: **Gutenberg**

Ösk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útbod eru kynnt, útbósauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldlaus.

Gjábakkavegur (365), Þingvellir - Laugarvatn, matsáætlun

Matsáætlunina í heild má sjá á vefsíðu VSÓ-ráðgjöf:
www.vso.is

Inngangur

Vegagerðin hefur áform um að leggja Gjábakkaveg (365) á milli Þingvalla og Laugarvatns, norðan Lyngdalsheiðar. Vegurinn, sem er um 16 km langur, liggur um þann hluta Bláskógabyggðar sem áður hét Laugardalshreppur og Þingvallahreppur, þá sneiðir vegurinn í gegnum land Grímsnes- og Grafningshrepps. Í nágrenni fyrirhugaðs vegar eru Gjábakkahraun, Reyðarbarmur og Laugarvatnsvellir.

Tilgangur

Megin tilgangur framkvæmdarinnar er að:

Bæta samgöngur: Nýr Gjábakkavegur á að verða betri vegtenging fyrir íbúa, atvinnu og þjónustu í sameinuðu sveitarfélagi Bláskógabyggð. Vegurinn á að verða heilsársvegur með bundnu slitlagi og hönnunarhraða 90 km/klst. Nýr og betri vegur kemur til með að stytta vegalengd, á góðum vegi, milli Laugarvatns og Reykjavíkur um 20 km.

Auka umferðaröryggi: Nýjum Gjábakkavegi er ætlað að auka verulega umferðaröryggi með því að stuðla að jafnari aksturshraða, sem m.a. felst í að auka sjónlengdir, afnema krappar beygjur, minnka langhalla, breikka veg og byggja vegaxlir, draga úr hæð vegar yfir sjávarmál og leggja bundið slitlag.

Leggja veg sem uppfyllir hönnunarkröfur: Byggt verður á hönnunarstöðlum Vegagerðarinnar til að ná þessum markmiðum framkvæmdarinnar.

Framkvæmdin

Gjábakkavegur (365) verður stofnvegur af tegund C1, með heildarbreidd 7,5 m samkvæmt vegstaðli. Hönnunarhraði vegarins er 90 km/klst.

Vegagerðin hefur að undanförmu skoðað mismunandi veglínur.

Við samanburð þeirra, meðal annars m.t.t. umferðaröryggis, hagkvæmni, vegalengda og legu, leggur Vegagerðin fram leiðir 2, 3, 4, 6 og 7 til frekari skoðunar í mati á umhverfisáhrifum. Leið 1, sem eru endurbætur á núverandi vegi, er hafnað þar sem umferðaröryggi og gæði vegar eru lakari en hinir framkvæmdakostirnir. Leið 5 er hafnað vegna þess að hún felur í sér meiri skeringar, hærri fyllingar og sjónlengdir eru verri en t.d. í leið 4. Þá eru fleiri vatnsföll á þessari leið en öðrum, hún sker landið meira og er vegtæknilega ekki betri kostur en aðrar leiðir. Vegagerðin telur að núllkosturinn sé ekki raunhæfur kostur, þar sem mikil þörf er á samgöngubótum á þessari leið og auka þarf umferðaröryggi.

Umhverfisáhrif

Í fyrirhugaðri matsvinnu verður megin áhersla lögð á áhrif á landslag, náttúrufar, jarðmyndanir, fornminjar, umferð og öryggi. Aðrir þættir í matsvinnu tengjast núverandi landnotkun s.s. útivist og aðgengi að þjóðgarði og útivistarsvæðum í nágrenninu, ferðaþjónustu og frístundabyggð við Laugarvatn.

Forsendur mats


Náttúrufar. Mat sérfræðinga Náttúrufræðistofnunar Íslands um áhrif á gróðurfar og fuglalíf. Áhersla lögð á verndargildi einstakra plöntutegunda og gróðursamfélaga, fuglategunda á áhrifasvæði. Útbreiðsla tegunda á svæðisvísu og landsvísu. Tekið tillit til viðkomandi laga og reglugerða, auk alþjóðlegra samninga og sáttmála sem Ísland er aðili að.

Jarðmyndanir. Mat sérfræðinga Vegagerðarinnar á áhrifum á jarðmyndanir. Lög um náttúruvernd nr. 44/1999, m.a. 37. gr. um landslagsgerðir sem njóta sérstakrar verndar. Áhersla lögð á verndargildi einstakra jarðmyndana á áhrifasvæði.

Landslag og sjónræn áhrif. Matið byggist á breytingum á ásýnd svæðisins sem vegurinn fer um. Áhersla lögð á byggingu og útlit nýs vegar í áður óröskuðu landslagi, skerðingu ósnortinna



Á Gjábakkavegi.



víðerna og sérstakra landslagsgerða skv. náttúruverndarlögum nr. 44/1999.

Fornleifar. Matið byggir á álitni Fornleifafræðistofunnar á áhrifum á minjar, skráningu og kortlagningu minja. Þjóðminjalög nr. 107/2001.

Landnotkun. Forsendur matsins snúa að fyrirliggjandi skipulagsáætlunum og þá hvort Gjábakkavegur sé í samræmi við þær og þau markmið sem þær koma fram, m.a. með hliðsjón af útivist, uppbyggingu sumarbústaðabygðar, uppbyggingu ferðaþjónustu og verndarsvæða.

Lög nr. 59/1928 um friðun Þingvalla, afmörkun friðlýsingar.

Umferð og umferðaröryggi. Umferðarspá um Gjábakkaveg, unnin af Vegagerðinni fyrir 2010, 2020 og 2030. Stuðst verður

við öryggismat Vegagerðarinnar og samanburðartölur við sambærilega vegkafla.

Hljóðstig. Reglugerð um hávaða nr. 933/1999 og umferðarspá. Hljóðstig umferðar verður reiknað út fyrir vegkafla sem næstir eru frístundabygð og borið saman við gildandi kvaðir. Sound-Plan og samnorrena reiknilíkanið fyrir umferðarhávaða verða notuð. Hönnun framkvæmdar og mótvægisáðgerðir miða að því að uppfylla allar kvaðir sem snúa að hljóðstigi frá umferð. **Vatnafar.** Stuðst við afmörkun vatnsverndarsvæða í skipulagsáætlunum, auk annarra gagna um vatnaskil á áhrifasvæðinu.

Tímaáætlun

Matsáætlun var skilað inn til Skipulagsstofnunar í maí 2003 og matsskýrsla verður skilað inn í nóvember.

Evrópurannsóknir og Vegagerðin

Hreinn Haraldsson framkvæmdastjóri þróunarviðs hefur nýlega verið skipaður í tvær nefndir varðandi samgöngurannsóknir í Evrópu.

Að ósk menntamálaráðuneytisins hefur Hreinn tekið sæti í stjórnarnefnd um „Sjálfbærar landsamgöngur“ (Sustainable Surface Transport) í 6. rammaáætlun ESB. Nefndin mun ráðstafa samtals um 50 milljörðum króna (610 millj. Euro) til rannsókna á þessu sviði árin 2003 - 2006. Þessi nefnd er ein af þremur sem fjalla um efnisflokkinn „Sjálfbær þróun, hnattræn breytingar og vistkerfi“ (Sustainable development, global change and ecosystems). Hinar tvær fjalla um sjálfbær orkukerfi annars vegar og hnattrænar breytingar og vistkerfi hins vegar. Af þessu má m.a. ráða hversu mjög er farið að tengja samgöngur á landi við umhverfismál. Samtals ráðstafa nefndirnar þrjár um 170 milljörðum króna á þessu tímabili. Stjórnarnefndir hafa einkum áhrif á hvaða viðfangsefni (rannsóknarverkefni) eru auglýst hverju sinni (einu sinni til tvisra á ári), taka þátt í mati umsókna og afgreiðslu tillagna um styrkveitingar. Fulltrúar eiga m.a. að gæta hagsmuna Íslands og greina frá afstöðu íslenskra stjórnvalda til einstakra mála eftir því sem við á, auk þess að kynna hugsanleg verkefni fyrir þeim sem áhuga gætu haft á þátttöku hérlandis. Kostnaður við stjórnarnefndir er greiddur af ESB og menntamálaráðuneytinu.

Að ósk samgönguráðuneytisins hefur Hreinn síðan verið skip-

aður fulltrúi Íslands í „Ráðgjafaráði Evrópu á sviði vegasamgöngurannsóknar“ (European Road Transport Research Advisory Council). Ráðið verður formlega sett á stofn 19. júní nk. Í því sitja fulltrúar bílaframleiðenda, bílhlutaframleiðenda, orkusala, neytenda, borga, þjónustuaðila o.fl., samtals um 15 manns. Síðan eru nokkrir fulltrúar ESB stjórnvalda í Brüssel og loks einn fulltrúi frá hverju aðildarríkja ESB og EES. Hlutverk þessa ráðs er m.a. að leggja fram langtíma stefnu-mörkun fyrir rannsóknir á þessu sviði í Evrópu, þróa framtíðarsýn fyrir vegasamgöngur (Vision 2020 of the Road Transport System) og stuðla að aukinni þátttöku einkageirans í rannsókna- og þróunarstarfi. Sérstaklega er litið til þess að mikilvægt sé að leiða saman fulltrúa iðnaðarins og almennings, auk opinberra aðila. Reiknað er með að ráðið fundi þrisvar sinnum á ári.



*Hreinn Haraldsson
framkvæmdastjóri
þróunarviðs
Vegagerðarinnar*

Austurland



85 Norðausturvegur
Sýslumörk - Geysirófa
(130 m.kr./80 m.kr. í ár)
Ný- og endurbýgging 5 km
Settur hólkur í Geysirófu
Útboð í haust
Verklök haustið 2004

85 Norðausturvegur
Hölkna - Miðheiðarhryggur
(160 m.kr./80 m.kr. í ár)
Ný- og endurbýgging 9,6 km
Settur hólkur í Hölkna og
Skálfjalalæk,
Útboð var í nóvember 2002
Verktaki: Nóntindur ehf.,
Búardal
Verklök í ágúst 2004

1 Hringvegur
Vegaskarð - Langidalur
(260 m.kr./180 m.kr. í ár)
Ný- og endurbýgging 12 km
Stalholkar settir í Skarðsá og
Langadalsa
Útboð haustið 2003
Verklök 2004

1 Hringvegur
Biskupsháls - Vegaskarð
(260 m.kr./180 m.kr. í ár)
Ný- og endurbýgging, 12,5 km
Útboð haustið 2002
Verktaki: Myllan ehf., Egilsstöðum
Klæðing lögð á 7 km 2003
Verklök 2004

931 Upphéraðsvegur
Ekkjufell - Setberg
(75 m.kr./50 m.kr. í ár)
Ný- og endurbýgging á 5 km
Útboð 2002
Verktaki: Vélalega Sigga Þór ehf.,
Egilsstöðum
Verklök í haust

92 Norðfjarðarvegur
Hjáleið Reyðarfirði
(150 m.kr./50 m.kr. í ár)
Ný- og endurbýgging á 1,7 km
Brú á Búðará 16 m
Útboð í sumari, 1. áfangi
Verklök í haust

957 Vestdalseyranvegur (6 m.kr.)
Klæðing lögð á 0,6 km frá
Stál út fyrir ristarlið
Verktaki: Malarvinnslan ehf.,
Egilsstöðum
Verklök í júní

953 Mjóafjarðarvegur
Endurbætur á Mjóafjarðarheiði
(35 m.kr./20 m.kr. í ár)
Útboð í sumar
Verklök 2004

954 Helgustaðavegur (5 m.kr.)
Styrking og mölburður á 9,8 km
Hólkur settur í Hrafná og
Útbúin bílastæði við
Helgustaðanamu
Útboð 2002
Verktaki: Dal-Björg ehf.,
Bréiddalsvík
Verklök í haust

92 Norðfjarðarvegur
um Hólmanháls
(270 m.kr./50 m.kr. í ár)
Nýbygging um
Hólmanháls 5 km
Útboð í haust
Verklök 2005

91 Hafnarvegur
um Hafnará
Settur hólkur
Verktaki: Nóntindur
Verklök í sumar

925 Hróarstunguvegur
Halfræðarstaðir - Þórisvatn (20 m.kr.)
Ný- og endurbýgging á 2,0 km
ásamt styrkingu og mölburði á 3,8 km
Útboð í apríl
Verktaki: Sigurður H. Jónsson,
Mælivöllum
Verklök í haust

93 Seyðisfjarðarvegur
við Ferjuhöfn
(90 m.kr./23 m.kr. í ár)
Byggt 28 m löng brú á
Fjarðará og 0,7 km langur
vegur að nýrri ferjuhöfn.
Útboð 2002
Verktaki á brú: Mikael ehf., Hornafirði.
Aðrar framkvæmdir: Malarvinnslan hf.,
Egilsstöðum
Verklök í júní



(nr) Styrkingar og mölburður (30 m.kr.)

- 1 Hlíðarvegur, Hofsa - Neslækur mölburður 8,3 km, Ingileifur Jónsson Svinavatni
- 2 Hringvegur, í Arnórstaðamúla styrking og mölburði 1 km, Ingileifur Jónsson Svinav.
- 3 Hringvegur, mölburður í Skriðdal 14 km, Ingileifur Jónsson Svinavatni
- 4 Norðurdalsvegur í Breiðdal 3,3 km, Dat-Björg ehf., Breiðdalsvík
- 5 Jöklaelsvegur, Hringvegur Skálafellsjökull 5,4 km, Ólafur Halldórsson, Tjörn II
- 6 Mjóafjarðarvegur, Norðfjarðarvegur - Slenjudalur 9 km, Dat-Björg ehf., Breiðdalsvík
Útboð 2002

Bikfestun: (85 m.kr.)

- 7 Norðfjarðarvegur, Egilsstaðir - Mjóafjarðarvegumót 8 km
- 8 Norðfjarðarvegur, Melshorn - ristarhlíð 1,5 km
- 9 Hafnarvegur Hornafirði 0,9 km
Útboð í maí

Framkvæmdir

- Nýbyggingar, bundið slitlag
- Nýbyggingar, malarslitlag
- Yfirlagnir, viðhald á slitlagi eða seinna lag klæðningar
- Styrkingar eða festun burðarlags
- Styrkingar á malarvegi
- Viðhald á malarslitlagi

Klæðingar, yfirlagnir og bætur. (120 m.kr.)
Magn 764.000 m² (120 km)
Verktaki: Ræktunarsamband Fíóa og Skeiða

Jökulsá í Lóni
Byggð göngubrú á
Jökulsá í Lóni hjá
Eskifelli (10 m.kr.)
Útboð á stálsmiði
í júní

1 Hringvegur
um Almanskará
(700 m.kr./300 m.kr. í ár)
Grafinn 1,2 km jarðgöng undir
Almanskará ásamt 4 km af
aðliggjandi vegum
Útboð í haust
Verklök haustið 2004

1 Hringvegur
Jökulsá á Breiðamerkursandi (70 m.kr.)
Rofvörn árbakka, 1 km
Gerð tveggja grjótarða þvert yfir farveg
og varnargarður austan ár, 240 m
Útboð var í nóvember 2002
Verktaki: Suðurverk ehf., Hafnarfirði.
Verklök í júní

92 Norðfjarðarvegur
Selsteinahæð - Sómastaðir
(185 m.kr./80 m.kr. í ár)
Nýbygging 5 km
Útboð var í nóvember 2002
Verktaki: Myllan ehf.,
Egilsstöðum
Verklök í júní

1 Hringvegur
Ásunnarstaðir - Heydalir
(150 m.kr./55 m.kr. í ár)
Ný- og endurbygging 12,1 km
Verktaki: S.G. vélar ehf.,
Djúpavogi
Klæðing lögd á 5 km 2002
Verklök í júlí 2003

1 Hringvegur
Melrakkanes - Blábjörg
(100 m.kr./40 m.kr. í ár)
Ný- og endurbygging á 4,5 km
Útboð 2002
Verktaki: P.S. verktakar ehf.,
Egilsstöðum
Verklök í júní 2003

96 Suðurfjarðarvegur
Fáskrúðsfjarðargöng 5,9 km
og nýbygging vegar 8,5 km
(3.800 m.kr./1.200 m.kr. í ár)
Verktaki: Ístak hf.
og E. Pihl og Søn AS.
Verklök haustið 2005

96 Suðurfjarðarvegur
Handarhald - Hundapúfa
(10 m.kr.)
Endurbætur í Handarhaldi
og á blindhæð við Hundapúfu
utan Mið-Strandarar
Útboð var í mars
Verktaki: Vöggur ehf.,
Fáskrúðsfirði
Verklök í sumar

Vegakerfið

- Stofnvegir með bundnu slitlagi
- Stofnvegir með malarslitlagi
- Tengivegir með bundnu slitlagi
- Tengivegir með malarslitlagi
- Landsvegir með bundnu slitlagi
- Landsvegir með malarslitlagi

(nr) Brýr og ræsi


- 11 Hvítá í Berufirði, ræsi
- 11 Kotá í Öræfum, hækkun
- 12 Heiðarlækur í Öræfum, ræsi
- 13 Össurá, ræsi
- 14 Hlíðará, ræsi

Skýringar á upphæðum:

Víða eru gefnar upp tvær tölur:
(x m.kr./x m.kr. (ár).
Um er að ræða:
áætlaður heildarkostnaður
/ áætlaður kostnaður ársins.

Framkvæmdir 2003

Vegagerðin birtir kort yfir framkvæmdir ársins í hverju umdæmi fyrir sig í Framkvæmdafréttum. Hér er birt kort yfir Austurland. Vegarkafnarir sem unnið er við eru merktir inn á kortið og framkvæmdum lýst í stuttu máli. Getið er um allar nýbyggingar og stærri viðhaldsverk. Fjárupphæð til ráðstöfunar á árinu er birt í flestum tilfellum. Athugið að breytingar geta orðið á einstökum verkum.



Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar. Þá er skammstöfun yfir umdæmi Vegagerðarinnar: Sl:Suðurland, Rn:Reykjanes, Vl:Vesturland, Vf: Vesfirðir, N.v: Norðurland vestra, N.ey: Norðurland eystra, Au:Austurland. **Rautt númer = nýtt á lista**

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
03-075 Au. Norðausturvegur (85), Brekknaheiði - Geysirófa	03
03-074 Au. Hringvegur (1), Vegaskarð - Langidalur	03
03-056 Sl. Árbæjarvegur (271), Hringvegur - Heiðarbrún	03
03-055 Sl. Villingaholtsvegur (305), Vatnsendi - félagsheimili	03
03-022 Au. Styrkingar og mölburður á Austurlandi 2003	03
03-064 Au. Hringvegur (1), veggöng undir Mannaskarð	03
03-017 Au. Norðfjarðarvegur (92), um Hólmaháls	03
03-031 N.ey. Möðruvallavegur (813)	03
02-015 Sl. Hringvegur (1), við Hellu	03
02-102 N.v. Siglufjarðarvegur (76) um Hofsa 2003	03
03-014 Rn. Hringvegur (1), vegamót við Nesbraut, hönnun	03
03-009 Rn. Reykjanesbraut (41), Fífuhvammavegur - Vífilstaðavegur	03
00-054 Rn. Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur – Víkurvegur	03
03-052 Sl. Reynishverfisvegur (215), Hringvegur - Reynishverfi	06.03
03-054 Sl. Uxahryggjarvegur (52) um Sandkluftarvatn	06.03
03-049 Vf. Djúpvegur (61), Forvaði - Grindarkrókur	06.03
03-048 Vf. Djúpvegur (61), Kambsnes - Hattardalur	06.03
03-045 Vf. Vestfjarðavegur (60), Eyrará - Múli	06.03
03-046 Vf. Vestfjarðavegur (60), brú á Múlaá í Kollafirði	06.03
03-079 Hringvegur (1), Glerá, viðgerð handriðs	06.03
03-081 Au. Hringvegur (1), ræsi í Össurá og Hlíðará í Lóni	06.03
03-080 Au. Norðfjarðarvegur (92), hjáleið í Reyðarfirði, 1.áfangi	06.03
03-071 Vl. Snæfellsnesvegur (54) um Fróðárheiði	06.03
03-020 Au. Jökulsá í Lóni, göngubrú stálsmiði	06.03
03-042 N.ey. Eyjafjarðarbraut eystri (829), Litli Hamar - Rútsstaðir	06.03
03-010 Rn. Kjósarskarðsvegur (48), endurbygging. II. áfangi	06.03
Útboð sem hafa verið auglýst	Auglýst: Opnað:
03-037 N.v. Pverárfjallsvegur (744), Skagastrandarvegur - Skúfur	26.05.03 16.06.03
03-077 Smíði stálbita 2003	26.05.03 10.06.03
02-100 N.v. Skagavegur (745) Skagastrandarvegur - Hafnaá 2003	26.05.03 10.06.03
03-073 Rn. Þingvallavegur (36), veglýsing um Helgafellsmela	19.05.03 02.06.03
03-072 N.v. Héraðsdalsvegur (754), styrking - Mælifellsdalsvegur (F756), mölburður	19.05.03 02.06.03
03-001 Vf. Djúpvegur (61), Kleifar - Hestur	19.05.03 10.06.03
02-014 Sl. Hringvegur (1), vega- og brúargerð við Skaftá	12.05.03 02.06.03
03-070 Rn. Snjómokstur og hálkuvörn í Reykjanesumdæmi 2003-2008	12.05.03 02.06.03

Útboð sem hafa v. auglýst, framh.	Auglýst:	Opnað:
03-040 N.ey. Norðausturvegur (85), Breiðavík - Bangastaðir	12.05.03	02.06.03
02-063 Sl. Efnisvinnsla á Norðurlandi eystra 2003	12.05.03	26.05.03
02-067 Sl. Efnisvinnsla á Suðurlandi 2003	05.05.03	19.05.03
03-061 N.ey. Festun og yfirlögn á Norðurlandi eystra og Austurlandi 2003-2004	28.04.03	19.05.03
Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
03-007 Sl. Festun og yfirlögn á Suðurlandi, Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra 2003-2004	28.04.03	12.05.03
03-047 Vf. Tálknafjarðarvegur (617), um Sveinseyri	28.04.03	12.05.03
02-098 N.v. Vatnsnesvegur (711), Tjarnará - Þórsá 2003	28.04.03	12.05.03
03-069 Au. Kollumúlavegur (F980), vegur og varnargarðar	28.04.03	12.05.03
03-057 Rn. Reykjanesbraut (41) í Hafnarfirði, Lækjargata - Ásbraut, eftirlit	14.04.03	12.05.03
03-066 Au. Efnisvinnsla á Austurlandi 2003 - 2004	14.04.03	05.05.03
03-008 Vl. Yfirlagnir á Vesturlandi 2003 - 2004	14.04.03	05.05.03
03-065 Vl. Útnesvegur (574), Saxhóll - Gufuskálamóður	14.04.03	05.05.03
03-012 Rn. Yfirlagnir Reykjanesi 2003, klæðing	14.04.03	05.05.03
03-053 Sl. Hringvegur (1) um Klifanda, vegur og varnargarður	14.04.03	05.05.03
03-039 Sl. Þjónusta vega, snjómokstur og hálkuvörn í Rangárvallasýslu (Þjórsá-Markarfljót) 2003-2008	07.04.03	05.05.03
03-041 Au. Norðausturvegur (85), Öxarfjarðarheiðarvegur - Arnarstaðir	07.04.03	28.04.03
03-062 Vf. Vetrarþjónusta, Brjánslækur - Bíldudalur, og bleyting í Barðastrandasýslu.	07.04.03	28.04.03
01-018 Rn. Nesbraut (49), færsla Hringbrautar, hönnun	24.03.03	22.04.03
03-011 Rn. Yfirlagnir Reykjanesi 2003, malbik	31.03.03	14.04.03
03-060 Vf. Áhaldahús Patreksfirði, viðhald 2003	31.03.03	14.04.03
03-059 Vf. Súgandafjarðarvegur (65), um Staðará	31.03.03	14.04.03
03-029 N.ey. Hafnarvegur Húsavík (859), Norðausturvegur - Norðurgarður	31.03.03	14.04.03
03-019 Au. Hróarstunguvegur (925), Hallfreðarstaðir - Þórisvatn	17.03.03	31.03.03
Samningum lokið	Opnað:	Samið:
03-050 Sl. Skeiða- og Hrunamanna-vegur (30), Foss - Einhóltsvegur Gröfútækni ehf., Flúðum	14.04.03	14.05.03
02-103 N.v. Efnisvinnsla á Norðurlandi vestra 2003 Króksverk ehf., Sauðárkróki	14.04.03	14.05.03

Samningum lokið, framhald	Opnað:	Samíð:
03-021 Au. Yfirlagnir á Austurlandi 2003 <i>Ræktunarsamband Flóa og Skeiða</i>	14.04.03	13.05.03
03-038 N.v. Yfirborðsmerkingar, sprautumössun 2003-2004 <i>Öllum tilboðum hafnað</i>	14.04.03	
01-016 Rn. Reykjanesbraut (41) í Hafnar- firði, Lækjargata - Ásbraut <i>Ístak hf., Reykjavík</i>	28.04.03	20.05.03
03-043 N.ey. Kísilvegur (87) um Geitafell <i>Alverk ehf., Klömbrum</i>	31.03.03	16.05.03
03-028 N.ey. Aðaldalsvegur (845), Helgastaðir - Lindahlíð <i>Fjörður sf., Sauðárkróki</i>	24.03.03	16.05.03
03-018 Au. Suðurfjarðavegur (96), Handarhald - Hundapúfa <i>Vöggur ehf., Fáskrúðsfirði</i>	24.03.03	14.05.03
Tekið af lista		
03-078 Hrífunesvegur (209), Tungufliót, sandblástur og málun stálbita		05.03

Smíði stálbita 2003 03-077

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í smíði stálbita 2003.

Helstu magntölur:

Stálbitar INP 600	14,3 tonn
Ýmsir stálhlutir	1,7 tonn
Sandblástur og málun	221 m ²
Málmhúðun	258 m ²

Verki skal að fullu lokið 20. ágúst 2003.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 26. maí 2003. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 10. júní 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Auglýsingar útboða

Dverárfjallsvegur (744) Skagastrandarvegur – Skúfur 03-037

Vegagerðin, Norðurlandsumdæmi vestra, óskar eftir tilboðum í nýbyggingu 7,4 km vegar og 40 m eftirspenntrar bitabúar á Laxá á Dverárfjallsvegi frá Skagastrandarvegi að Skúfi.

Helstu magntölur veghluta eru:

Skeringar í laus jarðlög	110.000 m ³
Bergskeringar	23.000 m ³
Fyllingar og fláafleygar	166.000 m ³
Ræsalögn	500 m
Neðra burðarlag	33.000 m ³
Efra burðarlag	11.000 m ³
Klæðing	48.000 m ²
Frágangur fláa	168.000 m ²

Helstu magntölur brúar eru:

Mótafletir	1.100 m ²
Steypustyrktarjárn	32.000 kg
Spennistál	5.000 kg
Steinsteypa	500 m ³

Verki skal að fullu lokið 1. október 2004.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Sauðárkróki og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með þriðjudeginum 27. maí 2003. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 mánudaginn 16. júní 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Framkvæmdir við mislæg gatnamót Reykjanesbrautar og Stekkjarbakka standa nú yfir. Verktaki er Jarðvélar sf., Reykjavík. Taka á gatnamótin í notkun í nóvember en verki á að vera að fullu lokið í júlí 2004. Myndin er tekin 20.05.03.



Niðurstöður útboða

Festun og yfirlögn á Norðurlandi eystra og Austurlandi 2003-2004 03-061

Tilboð opnuð 19. maí 2003. Festun vega með froðubiki eða bikpeytu og lögn klæðingar og malbiks á Norðurlandi eystra og Austurlandi á árunum 2003 og 2004. Um er að ræða 35,7 km á 11 vegarköflum.

Helstu magntölur: Festun með froðubiki eða bikpeytu: árið 2003: 145.500 m², árið 2004: 119.600 m². Einföld klæðing: árið 2003: 51.500 m², árið 2004: 65.200 m². Tvöföld klæðing: árið 2003: 91.000 m², árið 2004: 52.600 m². Malbik: árið 2003: 1.570 m².

Verklok áfanga eru 1. september hvort ár.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
Froðubik				
4	Malbikunarstöðin Hlaðbær Colas hf., Hafnarfirði	137.742.000	108,7	45.242
---	Áætlaður verktakakostnaður	126.744.090	100,0	34.244
3	Borgarverk ehf., Borgarnesi	113.701.841	89,7	21.202
2	Árni Helgason ehf., Ólafsfirði	106.738.990	84,2	14.239
1	Malarvinnslan hf., Egilsstöðum	92.500.214	73,0	0
Bikpeyta				
4	Malbikunarstöðin Hlaðbær Colas hf., Hafnarfirði	153.678.230	105,2	35.887
---	Áætlaður verktakakostnaður	146.090.400	100,0	28.299
3	Borgarverk ehf., Borgarnesi	139.439.816	95,4	21.649
2	Árni Helgason ehf., Ólafsfirði	130.557.440	89,4	12.766
1	Malarvinnslan hf., Egilsstöðum	117.791.067	80,6	0

Efnisvinnsla á Suðurlandi 2003 03-067

Tilboð opnuð 19. maí 2003. Suðurlandsumdæmi. Efnisvinnsla í 5 námum á Suðurlandi árið 2003.

Helstu magntölur: malarslitlagsefni 21.000 m³, klæðingarefni 11.000 m³.

Verki skal að fullu lokið 15. ágúst 2003.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
3	Tak malbik ehf., Borgarnesi	35.100.000	104,2	12.250
---	Áætlaður verktakakostnaður	33.701.242	100,0	10.851
2	Björn og Gylfi, vinnuvélar sf.	24.294.000	72,1	1.444
1	Fossvélar ehf., Selfossi	22.850.000	67,8	0

Reykjanesbraut (41) í Hafnarfirði, Lækjargata - Ásbraut, eftirlit 03-057

Tilboð opnuð 19. maí 2003. Reykjanesumdæmi. Eftirlit með færslu Reykjanesbrautar milli Lækjargötu og Ásbrautar. Í verkinu er einnig innifalið eftirlit með gerð mislægra gatnamóta við Kaldárselsveg, gerð steinsteyprar göngubrúar og gerð undirganga undir Reykjanesbrautina ásamt gerð rampa og stíga er verkinu tilheyra.

Framkvæmd verksins hefur verið boðin út og er gert ráð fyrir verklokum 1. júlí 2004.

Val á bjóðanda fer fram á grundvelli hæfnismats og verðs og bar bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni bjóðanda og verðtilboð. Verkið var boðið út á evrópska efnahagssvæðinu.

Bjóðandi	Hæfnismat einkunn	Tilboð (kr.)
<i>Tilboð eru birt í sömu röð og þau voru lesin upp</i>		
Strendingur ehf., Hafnarfirði	34	21.600.000
Hönnun hf., Reykjavík	44	17.370.000
Fjarhitun hf., Reykjavík	40	17.721.000
Fjölhönnun ehf., Reykjavík	43	18.900.000
VSÓ ráðgjöf, Reykjavík	42	19.350.000
VBÓ ehf., Reykjavík	43	19.175.490

Auglýsingar útboða

Skagavegur (745), Skagastrand-arvegur - Hafnaá 2003 02-100

Vegagerðin, Norðurlandsumdæmi vestra, óskar eftir tilboðum í verkið: „Skagavegur (745) Skagastrandarvegur - Hafnaá 2003“.

Um er að ræða endurbyggingu á þremur köflum á Skagavegi frá Skagastrandarvegi að Örlygsstöðum, samtals 3,3 km.

Helstu magntölur:

Fyllingar og fláafleygar	7.100 m ³
Neðra burðarlag	9.200 m ³
Malarslitlag	1.700 m ³
Frágangur fláa	18.000 m ²

Verki skal að fullu lokið 15. september 2003.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Sauðárkróki og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka,) frá og með þriðjudeginum 27. maí 2003. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudeginum 10. júní 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.